



Mýrdalshreppur, kt.461283-0399, Austurvegi 17, 870 Vík,
Skaftárhreppur kt.480690-2069, Klausturvegur 4, 880
Kirkjubæjarklaustur, hér eftir nefnt verkkaupar, annars vegar og hins
vegar Trappa þjónusta ehf, kt. 690915-0300, Skipholti 25, 105
Reykjavík, hér eftir nefnd verktaki, gera með sér svofelldan



SAMNING

1.gr.

Verktaki tekur að sér þjónustu talmeinafræðinga í fjarþjálfun og ráðgjöf vegna barna með tal- og málproskafrávik skv. álitni sérfræðinga eða vegna greiningar talmeinafræðings, í leik- og grunnskólum Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.

2.gr.

Verktaki annast þjálfun þeirra barna sem til falla hverju sinni, einu sinni í viku og fer fjöldi pláss eftir þjónustuþörf hverju sinni. Pláss geta færst yfir á milli skóla/leikskóla og skólastiga ef breytingar verða á þörfum hvors skólastigs.

Innifalið í þessum samningi er að auki 1 klukkustund á viku í handleiðslu/ráðgjöf sem ráðstafað er af sveitarfélögunum.

Verktaki þjálfar bæði börn sem falla ekki undir viðmið Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og eru á ábyrgð verkkaupa og einnig börn sem falla undir viðmið SÍ skv. reglugerð nr. 314/2017 um þjálfun sem sjúkratryggingar taka til og hlutdeild sjúkratrygðra í kostnaði og þjálfun.

Verktaki sér til þess að menntaður talmeinafræðingur sinni þjálfun á grundvelli samnings þessa og skal hann hafa hlotið starfsleyfi landlæknis skv. 4. gr. laga nr. 34/2012, um heilbrigðisstarfsmenn sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 401/2020 um menntun réttindi og skyldur talmeinafræðinga og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.

3.gr.

Verktaki annast þjónustuna í gegnum fjarfundahugbúnaðinn Köru. Verkkaupar sjá til þess að tölva með upptökuvél, heyrnartólum og nettenging skóla sé í góðu lagi og ber hann ábyrgð á því. Verkkaupar ábyrgjast að starfsmaður sé ávallt til staðar þegar þjálfun fer fram. Verktaki ábyrgist að forrit og önnur umsýsla standist kröfur um persónuöryggi samkvæmt lögum um persónuvernd nr. 77/2000 auk laga um persónuvernd nr. 90/2018.

4. gr.

Verkkaupar tilnefna tengiliði og tæknilegan umsjónarmann sem er í samskiptum við starfsfólk verktaka vegna þjálfunarinnar. Sérkennarar eða fulltrúar þeirra skrá börnin inn, veita sérfræðingum Tröppu upplýsingar og styðja foreldra við að nálgast beiðni til að fá niðurgreiðslur frá



Sjúkratryggingum. Barn sem fellur ekki undir viðmið Sí getur byrjað strax í þjálfun. Barn sem Sjúkratryggingar koma að byrjar ekki í talþjálfun fyrr en öll gögn eru til staðar, þar með talið vottorð frá lækni.

5. gr.

Miðað er við gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands varðandi greiðslur til talmeinafræðinga ásamt mánaðargjaldi fyrir hvert pláss.

Verkkaupi greiðir verktaka sem hér segir:

<u>Meðferð</u>	<u>Mánaðargjald fyrir hvert pláss</u>	<u>Börn á ábyrgð sveitarfélags</u>	
	8,990 kr.	16.000	kr.

Umsýslugjald kr. 96,000 innheimtist mánaðarlega á samningstíma og er rukkað fyrirfram. Umsýslugjald er einnig tengt launavísitölu.

Verktaki skal gera verkkaupum reikning mánaðarlega fyrir þjónustu skv. samningi þessum og skipta þeir með sér mánaðarlegu umsýslugjaldi. Reikningi skal fylgja sundurliðað yfirlit sem sýnir fjölda pláss í hverjum skóla fyrir sig auk gjalds verktaka. Ekki er rukkað fyrir mánaðargjald í sumar-, jóla- og páskafríum. Rafrænn reikningur sendist á skrifstofur verkkaupa.

Gjalddagi reiknings skal vera 10. dag næsta mánaðar eftir að þjónustan var veitt, enda hafi fullgildur reikningur með öllum nauðsynlegum upplýsingum borist. Ofangreind verð geta breyst miðað við nýja samninga Sjúkratrygginga og talmeinafræðinga eða hækkun verðskrár Tröppu út frá launavísitölu.

6. gr.

Ef tími fellur niður hjá barni skal hann nýttur fyrir annað barn og/eða ráðgjöf við starfsmenn skólans. Séu forföll ekki tilkynnt er rukkað fullt gjald fyrir tímenn. Ef tími fellur niður hjá talmeinafræðingi greiðir sveitarfélag ekkert gjald. Gert er ráð fyrir reglubundinni þjálfun á grunnskólabörnum frá skólasetningardegi til skólaslita utan páska- og jóla- og páskafríanna í grunnskólanum.

Gert er ráð fyrir reglubundinni þjálfun fram að sumarleyfum og í jóla- og páskafríum barna á leikskólaaldri skv. samkomulagi.

7. gr.

Önnur þjónusta, t.a.m. greiningar eða önnur meðferð er innheimt skv. gjaldskrá Tröppu.



8. gr.

Samningur þessi gildir frá undirskrift til 30. júní 2026 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Að gildistíma liðnum endurnýjast samningurinn til eins árs í senn nema að til komi sérstakrar uppsagnar.

Samningurinn er uppsegjanlegur á gildistíma sínum af hálfu beggja samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót.

9. gr.

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum án frekari fyrirvara eða aðvarana. Áður en til slíkrar riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frest, sem skal þó að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar. Komi upp óviðráðanleg ytri atvik (force majeure), t.d. vegna eldsvoða, farsóttar, verkfalla, náttúruhamfara, stríðsástands eða hryðjuverka, sem áhrif hefur á þjónustu samkvæmt samningi þessum skulu samningsaðilar meta stöðuna um framhald samningsins og ábyrgð hvors aðila samkvæmt samningnum.

10. gr.

Rísi ágreiningur um efni og/eða túlkun samnings þessa skal reka ágreiningsmál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Reykjavík 30. 04. 2024

Einar Freyr Elínarson
F.h. Mýrdalshrepps

Einar Kristján Jónsson
F.h. Skaftárhrepps

Berglind R. Grétarsdóttir
Berglind R. Grétarsdóttir
F.h. Tröppu ehf.